



STEFNA OG STARFSÁÆTLUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS
REYKJAVÍKURBORGAR 2017





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2017

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS

Ritstjórn: Ásgeir Björgvinsson, Elísabet Helga Pálmadóttir, Guðrún

Edda Bentsdóttir, Guðrún Hjartardóttir, Haukur Þór Haraldsson,

Jóhanna H. Marteinsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Umsjón með útgáfu: Guðrún Hjartardóttir

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir o.fl., úr ljósmyndasafni SFS

Forsíðumynd er af útilistaverkum barna í leikskólanum Hálsaskógi

Efnisyfirlit

Leiðarljós og hlutverk	4
Leiðarljós	4
Hlutverk	4
Stefnukort.....	5
Inngangur	6
Vinnuferlið við móttöku nýrrar menntastefnu á árinu 2017	7
Umbótaþættir 2017.....	8
Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur	9
Verk-, tækni- og listnám	11
Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	13
Fjölmennning.....	15
Stoðdeildir á skrifstofu SFS.....	18
Aðrir áhersluþættir 2017-2021.....	20
Skorkort	23
Fjárhagsáætlun.....	23
Fylgiskjöl	25

Leiðarljós


Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Stefnukort

Stefnukort sviðsins endurspeglar þá meginþætti sem hafa þarf í huga öllum stundum, þ.e. barnið sjálft eða unglinginn, verklagið sem notað er við þjónustuna, starfsfólkið, mannauðinn sem veitir þjónustuna og að lokum auðlindirnar sem þurfa að vera til staðar, fjármagn, aðbúnaður o.s.frv. Við gerð starfsáætlunar þarf ávallt að horfa til þessara þátta.



Inngangur

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 segir frá helstu áherslum, umbótaþáttum og markmiðum sem unnið verður að á starfsárinu 2017-2018.

Tilgangurinn með starfsáætlun skóla- og frístundasviðs er að innleiða helstu áhersluþætti skóla- og frístundaráðs hverju sinni inn í starfsemina sem jafnan byggja að meginhluta á stefnumótunarvinnu sem áður hefur farið fram með breiðum hópi hagsmunaðila og fulltrúa frá vettvangi. Slík samráðsvinna fer fram á nokkurra ára fresti. Við stofnun skóla- og frístundasviðs árið 2011 fór fram viðamikil stefnumótunarvinna á breiðum grunni og nú 2017 er farið í sambærilega vinnu með gerð nýrrar menntastefnu fyrir borgina. Starfsáætlun sviðsins er ætlað að veita starfsstöðum leiðbeinandi viðmið við gerð eigin starfsáætlana.

Áætlun um framfarir, umbætur, þróun og nýbreytni er mikilvæg í allri starfsemi. Það á ekki síst við starfsemi sem tengist skólagöngu og frístundastarfi barna og unglinga sem alast upp við örar samfélagsbreytingar, miklar tækni framfarir og síbreytilega heimsmynd. Gert er ráð fyrir að hver og einn starfsstaður setji fram markmið og áætlun um aðgerðir sem byggja meðal annars á stefnukorti sviðsins og áherslum og forgangsöröðun skóla- og frístundaráðs 2017-2021 sem hér eru settar fram í formi fjögurra umbótaþátta og sjö annarra áhersluþátta.

Í lok janúar 2017 hittust fulltrúar samráða stjórnenda og framkvæmdastjórn SFS á umræðufundi um starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Umræðurnar á þessum fundi vegna starfsáætlunar 2017 voru tvíþættar, annars vega um starfsáætlun sviðsins og hins vegar um starfsáætlanir starfsstaða. Í fylgiskjali 23 er hægt að sjá samantekt frá fundinum.

Ítarlega djúpgreining á starfsemi skóla- og frístundasviðs hófst í lok árs 2016 og er áætlað að henni ljúki vorið 2017. Að vinnunni kemur fjöldi manns úr starfseminni á vettvangi, af miðlægri skrifstofu sviðsins og einnig úr annarri miðlægri þjónustu borgarinnar

Á starfsárinu 2017-2018 er eins og undanfarin ár lögð áhersla á eftirfarandi fjóra meginumbótaþætti: Málþroska, læsi og lesskilning; Verk-, tækni- og listnáms; Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og Fjölmenningu

Í byrjun árs 2017 hófst viðamikil vinna við mótun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar með aðkomu breiðs hóps fólks af vettvangi skóla- og frístundamála í borginni og vettvangi stoðþjónustu. Þá koma ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar einnig að vinnunni.



Vinnuferli við mótn nýrrar menntastefnu á árinu 2017 (með fyrirvara um breytingar)

- **Janúar** – Finnski skólamaðurinn Pasi Sahlberg kom til landsins og fundaði með ýmsum hópum sem stýra vinnunni við mótn menntastefnu, s.s. kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum og stjórnendum á skrifstofu SFS og á starfsstöðum sviðsins.
- **Febrúar og mars** – Hugveitufundir haldnir með fulltrúum ýmissa hagsmunahópa. Alls tíu fundir með stjórnendum í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, fulltrúum starfsfólks í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi, fulltrúum barna og unglinga, fulltrúum foreldra, fulltrúum þjónustumiðstöðva og starfsfólki miðlægrar skrifstofu SFS.
- **Apríl** – Samráðsvettvangur um mótn menntastefnu vinnur úr niðurstöðum framangreindra funda. Stýrihópur tekur ákvörðun um áherslur sem byggðar verða á niðurstöðum hugmyndavinnunnar.
- **Maí og byrjun júní** – Almennangi boðið að setja fram og skoða hugmyndir að stefnumiðum í menntamálum, setja fram rök með og á móti hugmyndum og forgangsraða þeim á Betri Reykjavík. Fundir haldnir á starfsstöðum SFS þar sem allt starfsfólk fær tækifæri til að taka þátt í stefnumótninni.
- **Ágúst** – Samráðsvettvangur tekur ákvörðun um framtíðarsýn og stefnu.
- **September** – Starfsstaðir SFS halda fundi um þriggja ára áætlun byggða á stefnunni. Almennangi einnig boðið að koma með tillögur um þriggja ára áætlun á Betri Reykjavík.
- **Október** – Hverfafundir haldnir um menntastefnuna. Samráðsvettvangur vinnur þriggja ára áætlun. Stýrihópur samþykkir heildarstefnu og þriggja ára áætlun
- **Nóvember** – Menntastefna Reykjavíkurborgar lögð fram í borgarráði til samþykktar.

Umbótaþættir 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ætlar áfram að leggja áherslu á fjóra umbótaþætti á starfsárinu 2017-2018:

- **Málproski, lestrarfærni og lesskilningur**
- **Verk-, tækni- og listnám**
- **Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi**
- **Fjölmennning**

Haldið er áfram með sömu fjóra umbótaþætti skólaárið 2017-2018 enda krefst innleiðing þeirra lengri tíma og svigrúms fyrir starfsstaði sviðsins. Verkefnin eru umfangsmikil og málaflokkarnir stórir. Ný menntastefna Reykjavíkurborgar sem unnin verður á árinu 2017 mun leggja grunninn að áherslum í starfsáætlunum næstu ára.



Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur

Miðja máls og læsis (MML) hóf formlega störf í ágúst 2016. Hlutverk starfseminnar er að styðja við kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og innleiða tillögur fagráðs um læsi frá 2015. MML miðar að því að efla fagmennsku með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við starfsstaði sviðsins. Með starfseminni er leitast við að tryggja aðgengi alls starfsfólks í skóla- og frístundastarfi að ráðgjöf og stuðningi við fagleg vinnubrögð með mál og læsi og byggja þannig upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi. Þjónustan er liður í þeirri stefnumörkun að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning meðal barna og ungmenna. MML er með [facebook-síðu](#) með upplýsingum um verkefni og vinnu á starfsstöðum. Einnig eru [leiðbeiningar um málþroska og læsi](#), ætlaðar foreldrum á Foreldravef SFS. Miðja máls og læsis mun halda áfram að vinna að ráðgjöf, símenntun og stuðningi vegna máls og læsis á árinu 2017.

Framtíðarsýn um málþroska, læsi og lesskilning

Öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.

Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.

Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.

Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

Læsisáætlanir leikskóla hafa verið innkallaðar samhliða starfsáætlunum og ráðgjafar *Miðju máls og læsis* hafa stutt leikskólana við gerð og endurskoðun læsisáætlana. Áætlað er að innkalla og meta læsisáætlanir grunnskólanna vorið 2017 með hliðsjón af gátlista.

Á árinu 2016 var miðlæg þjónusta Skólasafnamiðstöðvar lögð niður en í staðinn var farið í að efla skólasöfn grunnskólanna með ráðgjöf og stuðningi og stefnt er að því að skrásetja allar bækur í bókasöfnum leikskóla og tengja við *Gegni* og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2017.



Dæmi um hlutverk starfsstaða

- Beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við niðurstöðum greininga um málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi. Niðurstöðum úr skimunum á málþroska og læsi sé miðlað á milli skólastiga.
- Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna og skerpa á hlutverki þeirra í lestrarþjálfun barna alla skólagönguna, nýta foreldraviðtöl til samráðs um þessa sameiginlegu ábyrgð. Þjóða foreldrum að fá fræðslu um málþroska, læsi og mikilvægi þeirra í lestrarnámi barna sinna.
- Grunnskólar noti [Lesferil Menntamálastofnunar](#) til að meta stöðu nemenda í læsi og nýta niðurstöðurnar til að gera áætlun um nám og kennslu.
- Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni [læsisstefnu leikskóla](#).
- Vekja áhuga barna og ungmenna á læsi á fjölbreyttan hátt og vinna markvisst með viðhorf barna og ungmenna til læsis og lesturs. Leggja áherslu á samtöl og samræður við börn.
- Leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar geri sameiginlegar áætlanir um eflingu máls og læsis sem stuðla að auknu samstarfi á þessu sviði.

Hlutverk skrifstofu SFS í stuðningi við starfsstaði

- Veita starfsstöðum faglega ráðgjöf og stuðning við snemmtæka íhlutun varðandi mál og læsi.
- Veita faglega leiðsögn með ráðgjöf, fræðslu, námskeiðum og fræðsluefni.
- Styðja starfsstaði í að efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna, t.d. með því að dreifa fræðsluefni um sameiginlega ábyrgð til starfsstaða og foreldra.
- Nýta [Foreldravefinn](#), vefina [Tungumál er gjöf](#), [Allir með](#) og [facebook-síðu MML](#) enn betur til að styðja foreldra sem samstarfsaðila við að efla málþroska og læsi barna og ungmenna.
- Kalla inn læsisáætlanir grunnskóla og meta samkvæmt gátlista.
- Stefnt er að því að standa fyrir málþingi um málþroska og læsi fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.
- Teymi beri ábyrgð á stuðningsatriðum hér fyrir ofan, greini hvernig stuðningur er veittur og geri grein fyrir stöðu mál með reglulegum hætti í framkvæmdastjórn.

Mæling á árangri

- Viðhorf barna og unglinga til lesturs og notkun þeirra á nýrri tækni við nám/frístundir.
- Hlutverk og viðhorf foreldra í tengslum við eflingu málþroska og læsis.
- Mat á innihaldi og virkni læsis- og lestraráætlana og samstarfsáætlana skólastiga um læsi út frá settum viðmiðum.
- Kanna fjölda grunnskóla sem nýta [Lesferil Menntamálastofnunar](#) til að meta stöðu og framfarir nemenda í lestri og kalla inn niðurstöður tiltekinna árganga úr *Lesferli*.
- Nýta niðurstöður úr lesskimunum og samræmdum könnunarprófum.
- Kanna hversu margir leik- og grunnskólar miðla upplýsingum um niðurstöður skimana á málþroska og læsi á mörkum skólastiganna og hvernig niðurstöðurnar eru nýttar.
- Draga saman í ytra mati þá þætti sem tengjast vinnu með mál og læsi.
- MML taki saman stöðuskýrslu um ávinning af vinnunni fyrsta árið, ágúst 2016-ágúst 2017.

Verk-, tækni- og listnám

Á árinu verður haldið áfram að vinna að því að auka og jafna aðgengi barna og ungmenna að listum. Starfsstaðir fá kynningar um framboð menningarstofnana á fríum fræðslutilboðum fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi SFS. Starfsstaðir fá einnig sendar upplýsingar um einstök tilboð lista- og menningarstofnana. Unnið verður áfram að því að efla samstarf við listamenn. Haldið verður áfram [samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík](#).

Samstarfsfundir með menningartengiliðum starfsstaða sviðsins eru haldnir að vori og hausti. [Norrena Biophilia-menntaverkefnið](#) heldur áfram að þróast undir stjórn SFS. Kvikmyndaviðburðirnir *Taka*, *Augað* og *Stelpur filma* gengu vel á árinu 2016 og var þátttaka mikil. Stefnt er að áframhaldandi öflugu starfi á þessu sviði. [Skrekkur 2016](#) tókst mjög vel þar sem við bættist samstarf við RÚV, sem sýndi beint frá keppninni í fyrsta skipti og unnu meira með efnið á Krakkarúv. Væntingar eru um að þetta samstarf haldi áfram á Skrekk 2017 sem fara mun fram 6.-13. nóvember.

Starfsstaðir eru hvattir til að taka virkan þátt í [Barnamenningarhátíð](#) sem haldin er í apríl en hátíðin gegnir lykilhlutverki í að vekja áhuga barna og ungmenna á verk-, tækni- og listgreinum. Unnið er að því að taka upp og fylgja eftir samstarfsverkefni leikskóla borgarinnar við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Skrásett verður með upptökum undirbúningur og æfingar á tónlistaratriði sem flutt verður af stórum hópi leikskólabarna í Hörpu við hátíðlega athöfn á opnunardegri Barnamenningarhátíðar 2017. Á uppskeruhátíð frístundamiðstöðva, *Höfuð í bleyti* 2016, var lögð áhersla á sköpun í frístundastarfi og aðalfyrirlesari var frá Listaháskóla Íslands. Mörg þróunarverkefni í frístundastarfi tengjast tækni, listum og sköpun, má þar nefna sem dæmi *Reykjavík got talent* og *Vísindasmiðjur*.

Starfshópur var stofnaður í byrjun árs 2017 og er honum falið að efla vísindastarf í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Verður unnið í samstarfi við vísindasmiðjur HÍ og starfsfólk á vettvangi. Markvisst verður rýnt hvernig megi styrkja enn frekar samstarf við háskólastofnanir um vísindi og listir. Tilraunaverkefni í formi forritunarnámskeiða á vettvangi frístundar tókust vel á árinu 2016. [Tillögur starfshóps um aukinn sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla](#) verða skoðaðar með hugsanlegar útfærslur í huga í tengslum við tækifæri nemenda til að taka framhaldsskólaáfganga í verk-, tækni- og listgreinum.

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.

Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.

Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.

Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.

Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfganga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað.
- Finna leiðir til að vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Vinna að því að nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði.
- Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.
- Skipa fulltrúa frá hverjum starfsstað sem stendur vörð um verk-, tækni- og listgreinar.

Hlutverk skrifstofu SFS í stuðningi við starfsstaði

- Styðja starfsstaði í vitundarvakningu meðal barna, ungmenna og foreldra um gildi verk-, tækni- og listgreina.
- Styðja starfsstaði í að auka aðgang barna og unglinga að verk-, tækni- og listnámi.
- Hvetja starfsstaði til nýsköpunar- og þróunarverkefna með því meðal annars að úthluta styrkjum og vekja athygli á framúrskarandi verkefnum með viðurkenningum.
- Fyrirmyndarverkefnum verði gert hátt undir höfði m.a. á barnamenningarhátíð og í öðru samstarfi við menningarstofnanir borgarinnar.
- Setja á laggirnar teymi fulltrúa starfsstaða sem stendur vörð um verk-, tækni- og listgreinar til að ræða um hvað má bæta og hvað er gott til eftirbreytni.

Mæling á árangri

- Hlutfall verk-, tækni- og listgreina í valgreinum unglinga.
- Greining á innihaldi og virkni samstarfsverkefna starfsstaða í verk-, tækni- og listgreinum.
- Viðhorf barna og unglinga til verk-, tækni- og listnáms.
- Greining á dagsskipulagi í frístundaheimilum og dagskrá félagsmiðstöðva, m.t.t. framboðs verk-, tækni- og listgreina.
- Greining á dreifingu tónlistarnemenda eftir hverfum.
- Notkun upplýsingatækni í skapandi starfi í leikskólum.



Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Unnið er að því í skóla- og frístundastarfi borgarinnar að auka áhrif barna og ungmenna á inntak og skipulag starfsins. Má þar nefna lýðræðisleg verkefni í leikskólum og grunnskólum og [ungmennaráð](#). Starfshópur um aukið lýðræði barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi skilaði [skýrslu á árinu 2016](#) og tillögur úr skýrslunni verða innleiddar á árinu 2017. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt er að hugtakið lýðræðislegt skóla- og frístundastarf verði skilgreint og að sett verði skýr viðmið sem skóla- og frístundasvið vill ná varðandi vinnu í anda lýðræðis og hvernig mati á árangri verði háttað.

Framtíðarsýn um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.

Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.

Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.

Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfangu metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Starfshópurinn leggur til að ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf á skrifstofu SFS sem heldur utan um innleiðingu Barnasáttmálans. Grunnskólar og frístundastarf í Laugardalshverfi [höfu samstarf við UNICEF](#) um innleiðingu Réttindaskólalíkans þar sem Barnasáttmállinn er hafður að leiðarljósi. Jafnréttisskólinn á skrifstofu SFS er þátttakendum innan handar ef þörf krefur. Haldið verður áfram við innleiðingu endurskoðaðrar [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#) sem kom út á árinu 2016.

Lýðræði er sérstakur áherslupáttur í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva á árinu. Í frístundastafi er lögð áhersla á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Áhersla er á að virkja börn og unglunga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu til þátttöku í frístundastarfi. Á árinu 2016 fór hópur starfsmanna félagsmiðstöðva í heimsókn til Lundar, til að kynna sér lýðræðisvinnu með ungu fólki og reynslan úr þeirri ferð verða nýtt í ýmis verkefni á árinu 2017. Samstarf er í gangi við frístundamiðstöðina Tjörnina um tilraunaverkefni þar sem unnið verður efni sem nýtist til aukinnar vinnu með lýðræði á starfsstöðum SFS. Einnig er stefnt að samstarfi við HÍ vegna rannsókna á verkefnum sem tengjast lýðræðislegum vinnubrögðum á vettvangi frítímans.

Haldið verður áfram við að samhæfa verklag í málefnum barna og ungmenna með fjölþættan vanda. Lögð verður áhersla á að starfshættir í skóla- og frístundastarfi endurspegli starfsemi í anda [stefnu um skóla án aðgreiningar](#) og [stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf](#). Síðla árs 2016 var ákveðið að stofna til Minningarverðlauna Arthurs Morthens næstu fimm árin og veita einum grunnskóla í borginni verðlaun fyrir starf í anda skóla án aðgreiningar. Arthur horfði alltaf á styrkleika barna fremur en veikleika og barðist fyrir því að öll börn hefðu sömu tækifæri til náms. Hann vann ötullega gegn einangrun barna með sérþarfir og stóð í fylkingarbrjósti í stefnumótun fyrir mannréttindum þeim til handa í skóla án aðgreiningar. [Verðlaunin voru afhent í fyrsta sinn á Öskudagsráðstefnu 2017](#).

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangs röðun í skóla- og frístundastarfi, leggja áherslu á frumkvæði frumkvæði þeirra í starfseminni og samræður við börn.
- Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi og hvetja starfsfólk og gefa því tækifæri til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt skóla- og frístundastarf.
- Gæta jafnréttis á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS.
- Vinna með Barnasáttmálann í öllu skóla- og frístundastarfi.
- Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Dæmi um hlutverk skrifstofu SFS

- Styðja grunnskóla í að koma á nemendamiðuðu skólastarfi og aðra starfsstaði í að auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangs röðun í starfinu.
- Auka framboð símenntunar fyrir starfsfólk um nemendamiðað og lýðræðislegt skóla- og frístundastarf og hlúa að þeim vettvangi sem þegar er til staðar á skóla- og frístundasviði til að vinna í og með lýðræði.
- Hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs meðal annars með því að styðja við starfsstaði í innleiðingunni með ýmsum hætti t.d. kynningum, fræðslu og samstarfsverkefnum.
- Sjá til þess að starfsstaðir séu upplýstir um að þeim er ætlað að framfylgja Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í öllu sínu starfi.
- Taka saman og greina hvar starfsstaðir SFS eru staddir í dag í lýðræðislegum starfsháttum og vinnu með lýðræði. Vinna úr upplýsingum sem til eru. Sérstök könnun ef upplýsingar vantar.
- Fylgja eftir aukinni fræðslu um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.
- Halda árleg ungmenningarþing fyrir unglinga í borginni svo virkni barna og unglinga í allri umræðu og ákvarðanatöku hjá skóla- og frístundasviði verði aukin.

Mæling á árangri

- Raunveruleg áhrif barna og ungmenna á skipulag og innihald skóla- og frístundastarfs.
- Viðhorf barna og unglinga til grunnhugtaka um lýðræði og mannréttindi og kortlagning á samfélagslegum gildum.
- Greining á framsetningu markmiða um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi í starfsáætlunum/skólanámskrám.
- Viðhorf foreldra til lýðræðislegrar samvinnu í skóla- og frístundastarfi og inntaks foreldrasamstarfs.
- Meta upplifun og skilning nemenda á eigin áhrifum í skóla- og frístundastarfi. Uppfæra/bæta við spurningar í Skólapúlси.

Fjölmennning

Verkefni sem tengjast fjölmenningu eru samofin umbótaþáttunum um málþroska, lestrarfærni og lesskilning annars vegar og lýðræði, jafnrétti og mannréttindi hins vegar. Innleiðing fjölmenningarstefnunnar [Heimurinn er hér](#) komst vel á veg á árinu 2017 og í maí 2016 skilaði fjölmenningarteymi SFS [stöðuskýrslu til skóla- og frístundaráðs](#) um innleiðinguna. Fjölmenningarteymi SFS heldur utan um innleiðingu stefnunnar auk þess sem teymið sinnir ráðgjöf, fræðslu og stuðningi til starfsstaða. Starfsstaðir geta sent fyrirspurnir og tillögur til teymisins. Á [innri vef sviðsins](#) er haldið utan um upplýsingar sem tengjast fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi.

Framtíðarsýn um fjölmenningu

Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.

Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál fái stuðning og hvatningu til að efla móðurmál sitt.

Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Unnið hefur verið að því að auka fjármagn til kennslu íslensku sem annars máls á grunni málkönnunarprófsins *Milli mála* en sýnt hefur verið fram á að allt að 80% nemenda þurfa stuðning við íslenskunámið alla skólagönguna. Þetta á einnig við um þá nemendur sem eru fæddir á Íslandi og hafa gengið í leikskóla en rannsóknir sýna að þó að börn nái góðum tókum á samskiptamáli þegar þau eru ung þá þurfa þau stuðning við að ná tókum á skólaorðaforðanum. Mikilvægt er að nýta vel leikskólaárin til þess en einnig þann tíma þegar börn byrja formlegt lestrarnám. Ljóst er að skólasamfélagið þarf aukinn stuðning við að ná tókum á þessu verkefni en samkvæmt niðurstöðum könnunar *Miðju máls og læsis* telja nánast allir grunnskólar og 70% leikskóla og frístundamiðstöðva að auka þurfi stuðning og ráðgjöf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Opinber stefnumótun kveður á um mikilvægi þess að stuðla að virku tvítýngi barna með annað móðurmál en íslensku. Gerður hefur verið samningur við [Móðurmál, samtök um tvítýngi](#) sem kenna um 25 móðurmál í húsnaði borgarinnar m.a. í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla. Samningurinn er gagnvirkur þannig að hægt er að leita eftir fræðslu og upplýsingum fyrir kennara og starfsfólk hjá SFS til samtakanna auk þess sem þau standa árlega fyrir ráðstefnu. SFS tekur þátt í [alþjóðlega móðurmálsdegi UNESCO](#) og [Evrópska tungumáladeginum](#) sem haldnir eru hátíðlegir ár hvert en þannig gefst tækifæri til að vekja athygli á þeim fjársjóði sem felst í fjölbreyttum tungumálum barna og ungmenna. Á árinu verður klárað að útfæra tillögur um ráðningu móðurmálskennara en ákveðið hefur verið að móðurmálskennari/farkennari verði hluti af ráðgjafateymi *Miðju máls og læsis*. Verkefnið og vefurinn [Tungumál er gjöf](#) opnaði í upphafi árs 2017 en vefurinn er ætlaður leikskólakennurum og er markmiðið að efla mál og læsi barna sem læra íslensku sem annað mál í náinni samvinnu við foreldra með virkt tvítýngi að leiðarljósi. Þegar hefur verið haldið eitt námskeið um verkefnið en fleiri námskeið verða haldin á árinu. Þá mun fræðsla fyrir kennara um það hvernig hægt er að nýta móðurmál í námi barna verða hluti af þeirri fræðslu sem boðið verður upp á á árinu fyrir kennara og starfsfólk hjá SFS.

Foreldrasamstarf er einn af þeim þáttum sem sérstaklega er hugað að. Aukið fjármagn hefur verið lagt í túlkajónustu fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf auk þess sem SFS hefur tekið þátt í að móta nýja túlkastefnu Reykjavíkurborgar þar sem áhersla er lögð á gæði og góða nýtingu fjármuna

við veitingu túlkapjónustu. Þá hefur SFS tekið þátt í að undirbúa verkefnið [Allir með um nám og velferð barnanna okkar](#) en SAMFOK fékk styrk til að skipuleggja fræðslu fyrir foreldra á nokkrum tungumálum um hlutverk skólaforeldra. Þá hefur upplýsingagjöf til foreldra á öðrum tungumálum en íslensku verið skoðuð en liður í að bæta hana er að taka verkefnið sérstaklega fyrir á [Fjölmennningarþingi Reykjavíkur 2017](#).

Meðal þeirra verkefna sem halda áfram frá starfsáætlun 2016 er að innleiða tillögu ungmennaráðs Breiðholts um að í grunnskólum verði komið upp jafningjateymum sem taki þátt í móttöku og aðlögun nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þróun verkefnisins hefur þegar farið af stað í Árbæjarskóla og Háaleitisskóla. Þá verður haldið áfram að bjóða börnum sem hefja skólagöngu á Íslandi í fyrsta sinn á aldrinum 6-9 ára gjaldfrjálsa þátttöku á frístundaheimilum fyrstu þrjá mánuðina eftir komuna til landsins. Boðið verður upp á fjölbreytta fræðslu fyrir kennara og starfsfólk SFS sem byggir á grunnþáttum fjölmenningarstefnunnar og er námskeiðið *Heimurinn er hér*, 20 stunda námskeið sem haldið er í samvinnu við Menntavísindasvið, liður í því.

Meðal nýrra verkefna hjá SFS er að halda utan um málefni barna flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd (hælisleitenda) á leik- og grunnskólaaldri. [Verklag fyrir skóla](#) vegna móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd var kynnt stjórnendum í skóla- og frístundastarfi haustið 2016 en áfram verður unnið á grunni þess. Unnið hefur verið að undirbúningi, móttöku og aðlögun barna í hópí kvótaflóttafólks sem komu til landsins í janúar 2017 en í hópnum eru 10 börn á leik- og grunnskólaaldri. Velferðarsvið hefur yfirumsjón með verkefninu. Náð samstarf er á milli SFS og VEL í þessu verkefni.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Markviss íslenskukennsla í gegnum allar námsgreinar, leik og daglegt starf fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Nýta möguleika til að vera með móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna og leita leiða til að styðja við og efla móðurmál nemenda í námi og leik.
- Tryggja að öll börn hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst börn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna.
- Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna þvert á menningu og tungumál.
- Beita fjölbreyttum starfs- og kennsluaðferðum til að koma til móts við þarfir allra barna.

Hlutverk skrifstofu SFS í stuðningi við starfsstaði

- Styðja starfsstaði í að efla íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með þeim hætti að íslenskukennsla verði fléttuð inn í allar námsgreinar, leik og daglegt starf.
- Styðja starfsstaði við að virða og styrkja fjölbreytt tungumál barna og ungmenna og stuðla að aukinni móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna m.a. með því að hvetja skóla til að upplýsa foreldra um starfsemi Móðurmálssamtakanna og fagna fjölbreyttum tungumálum á alþjóðadegi móðurmálsins og evrópska tungumáladeginum.
- Miðja máls og læsis styðji starfsstaði við að þróa vinnu með mál og læsi barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku í skóla- og frístundastarfi.
- Veita leiðsögn um fjölbreytta kennslu- og starfshætti.
- Fjölga þeim skólum sem gerast Menningarmótsskólar.

- Styðja starfsstaði í að efla foreldrasamstarf og tryggja gott aðgengi að upplýsingum um starfsemi skóla- og frístundastarfs.
- Gera málefnum barna flóttafólks skil með fræðslu og ráðgjöf til starfsstaða.
- Styðja frístundamiðstöðvar við að bjóða börnum sem eru að koma til landsins upp á gjaldfrjálsa dvöl á frístundaheimili fyrstu þrjá mánuðina.
- Tryggja að starfsstöðvar SFS hafi aðgang að tólkaþjónustu og efli þekkingu sína á notkun túlka.
- Styðja grunnskóla við að þróa móttöku og aðlögun nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku m.a. með því að fjölga þeim sem nýta móttökuáætlun fyrir grunnskólabörn og með því að þróa verkferil um jafningjateymi í móttöku nýrra nemenda.
- Skipuleggja ráðstefnu haustið 2017 um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.

Mæling á árangri

- Kortleggja kennslu í eigin móðurmáli barna og unglinga af erlendum uppruna, á starfsstöðum SFS og á vegum annarra aðila, fjölda barna, fjölda tíma, fjölda tungumála og námsform.
- Kanna viðhorf foreldra barna af erlendum uppruna til skóla- og frístundastarfs.
- Kanna hversu mörg börn sem hefja nám í grunnskóla á Íslandi á aldrinum 6-9 ára nota gjaldfrjálsa frístund.
- Yfirfara upplýsingar til foreldra um skóla- og frístundastarf á erlendum tungumálum annarsvegar á Fjölmenningsarþingi 2017 og hinsvegar með rýnihópaviðtölum við kennara og stjórnendur starfsstaða.
- Kanna hversu margir grunnskólar nota móttökuáætlun SFS við móttöku nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Kanna hversu margir grunnskólar móta sína eigin móttökuáætlun vegna móttöku nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Endurtaka könnun á fjölmennningarlegu starfi leikskóla frá árinu 2014.





Stoðdeildir á skrifstofu SFS

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs gegnir fagskrifstofa lykilhlutverki í stuðningi við starfsstaði vegna umbótaþátta í starfsáætlun sviðsins. Aðrar deildir eru svokallaðar stoðdeildir sem koma að starfsemi með ýmsum hætti með beinum og óbeinum stuðningi við starfsstaði og fagskrifstofuna. Mikilvægt er að stoðdeildirnar séu meðvitaðar um umbótaþættina og vinni saman að framgöngu þeirra. Stoðdeildirnar eru fjármála- og rekstrarþjónusta, mannauðsþjónusta, lögfræðiþjónusta og skrifstofa sviðsstjóra. Hér á eftir er farið í stuttu máli yfir helstu áherslur stoðdeildanna á árinu.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Fjármálaþjónusta SFS mun halda áfram að leita leiða til að ná hagræðingu í rekstri og ná betri tókum á rekstrarlíkönum og uppgjörum. Unnið verður með starfsstöðvum við frávikagreiningar í rekstri til að aðstoðar við halda hverri stofnun innan fjárheimilda. Þessari vinnu þarf að koma í betra skipulag en verið hefur. Fundir verða haldnir með starfsstöðum sem eiga við vanda í rekstri að stríða og aðstoð verður veitt við að koma starfsstöðum á réttan veg.

Í djúpgreiningarhópum er verið að endurskoða rekstrarlíkön fyrir starfsstaði SFS og mun mikil vinna fara í gerð og innleiðingu þeirra hjá fjármálaþjónustunni ásamt því að koma þeim í eðlilega virkni. Aðstoða þarf starfsstaði í tengslum við halla og afgang og koma þarf á skýrara verklagi um hvernig það verður unnið á árinu og í framtíðinni. Vinna þarf úr helstu göllum sem hafa verið á hugmyndafræði um halla og afgang, þannig að starfsstaðir og miðlæg skrifstofa hafi meiri vissu um hvernig fara á með áhrifaþætti eins og t.d. óhagstæð ytri skilyrði og hvað það er sem geti fallið undir þá skilgreiningu. Lögð verður áhersla á að koma upplýsingum um rekstrarniðurstöður fyrr til starfsstaða þannig að þeir geti brugðist fyrr við hallarekstri. Unnið verður að því að auka ábyrgðartilfinningu stjórnenda gagnvart hagkvæmni í rekstri. Farið verður í að ákveða verklag til að taka á málum í þeim tilfellum sem stjórnendur starfsstaða ná ekki að halda þeim innan fjárheimilda og frávik eru veruleg. Einnig er stefnt að því að skilgreina þær aðgerðir sem fara þarf í til að koma í veg fyrir hallarekstur.

Mannauðsþjónusta

Nú þegar eru farnir af stað tveir starfshópar sem eru að greina starfsumhverfi starfólks SFS, annars vegar grunnskólakennara og hins vegar leikskólakennara. Hópur mun einnig fara af stað sem skoðar starfsumhverfi starfsfólks í frístundastarfi. Mannauðsþjónustan tekur virkan þátt í þessari vinnu. Í lok hennar er gert ráð fyrir að hóparnir skili tillögum til úrbóta. Mannauðsdeildin mun leggja áherslu á að bregðast eins og kostur er, við þeim athugasemdum og ábendingum sem fram koma um það sem bæta má í starfsumhverfinu.

Mikil áhersla verður lögð á heilsueflingu á árinu. Nú þegar hafa fagsvið Reykjavíkurborgar ráðið sameiginlegan verkefnastjóra í eitt ár sem kemur til með að stýra því verkefni. Starfsfólk fær aðgang að snjallforritinu Sidekick sem verður m.a. nýtt í Heilsuleikum Reykjavíkurborgar sem verða að vor og hausti. Þá verður áhersla lögð á fræðslu fyrir stjórnendur um heilsueflandi stjórnun og áfram verður unnið í því að innleiða Viðverustefnu Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks verður framkvæmd í mars. Í fyrsta skiptið verður greiningartólið Qlik Sense nýtt sem gerir úrvinnslu úr könnuninni og skýrslugerð sjálfvirkari en áður. Stjórnendur munu fá aðgang að Qlik sense og verður áhersla lögð á að veita stjórnendum fræðslu og aðstoð til þess að skoða niðurstöður þannig að þær nýtist starfsstöðum sem best.

Áfram verður unnið að því að innleiða SAP kerfið. Áhersla verður lögð á námskeið og stuðning við stjórnendur þannig að þeir geti nýtt kerfið sem best.

Þriðja árið í röð verður unnið að því að fjölga starfsfólki í leikskólum með leikskólakennararéttindi með því að bjóða starfsfólki í leikskólum að sækja um námsleyfi til að stunda nám í leikskólakennarafræðum. Einnig mun starfandi leikskólakennurum í leikskólum borgarinnar standa til boða að sækja um námsleyfi til frekara náms sem nýtist í starfi.

Skrifstofa sviðsstjóra

